

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hagahverfis, Kjarnagata 51.

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 13. júlí 2017 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Hagahverfi vegna Kjarnagötu 51.

Breytingin felur m.a. í sér að minniháttar breytingar eru gerðar á byggingarreitum og byggingarmagni lóðahluta. Nýtingarhlutfall hækkar í 1,46.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 13. júlí 2017,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2017